

Ár 1973, laugardaginn 30. júní, var kveðinn upp af Yfir-
fasteignamatnefnd í málinu nr. 34/1972 svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Reykjavíkurborg hefur árin 1972 og
1973 lagt fasteignaskatt á fasteign Djóðleikhússins við
Hverfisgötu í Reykjavík. Fyrirsvarsmenn Djóðleikhússins hafa
farið þess á leit við borgaryfirvöld, að fasteignaskattur þessi
verði faldur niður, en því orindi hefur verið sýnjað. Hefur
Djóðleikhúsið síðan skotið máli sínu til Yfirfasteignamatnefndar
með bréfum, dags. 23. desember 1972 og 8. mars 1973. Af hálfu
Djóðleikhússins er því haldið fram, að því sé óskilyrt að greiða
Reykjavíkurborg fasteignaskatt af ofangreindri fasteign, þar
sem hún sé undanþegin fasteignaskatti, samkvæmt 5. gr. laga
nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, eins og nánar er rök-
stutt í fyrrgreindum bréfum Djóðleikhússins.

Samkvæmt framansögðu, kemur hér aðeins til úrlausnar, hvort
eða að hve miklu leyti fasteignin nr. 19 við Hverfisgötu sé
undanþegin fasteignaskatti. Að vissum skilyrðum uppfylltum, eru
samkomuhúsa undanþegin fasteignaskatti, sbr. 5. gr. laga nr.
8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr.
320/1972 um fasteignaskatt. Til samkomuhúsa í skilningi þessara
ákvæða, ber fyrst og fremst að telja hús, sem standa almennings-
opin til að koma þar saman til að njóta fræðslu, lista eða skemmt-
unar með öðrum hætti. Nánari skilyrði undanþágu eru meðal annars
þau, að eigi að um rekstur í ágóðaskyni að ræða, sbr. 1. mgr.
5. gr. laga nr. 8/1972 og 2. mgr. 6. gr. reglug. nr. 320/1972.
Verður að skýra ákvæði um síðastgreint skilyrði svo þröngt,
að fasteign njóti aðeins skattfrælsis að því marki, sem hún er
beinlínis nýtt í þágu starfsemi, sem á sér annan tilgang en
fjárhagslegan ávinnisg.

Ofangreind skýring á 5. gr. laga nr. 8/1972 og 6. gr. reglug.
nr. 320/1972 leiðir til þess, að telja þor byggingu Djóðleikhúss-
ins við Hverfisgötu til samkomuhúsa í skilningi þessara ákvæða.
Kemur þá til athugunar, hvort um rekstur í ágóðaskyni er að ræða.
Um starfsemi Djóðleikhússins gilda nú lög nr. 80/1947. Um hlut-
verk þess segir m.a. svo í 2. gr. laganna: „í Djóðleikhúsinu skal
lökka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leikviði.
Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflug-
ust stoð íslenskra menningu“. Með hlífajón af þessu ákvæði og
frankvæmd laganna, verður eigi litið svo á, að leiklistarstarfsemi
Djóðleikhússins sé rekin í ágóðaskyni.

Samkvæmt því er unædd fasteign undanþegin fasteignaskatti að því leyti sem hún er beinlínis nýtt í þágu þeirrar starfsemi, enda verður oígl annað séð on að skilyrðum undanþágu að að öðru leyti fullnægt.

Í húsakynnum Þjóðleikhdássins er hins vegar reklin veitinga- og skennatístaður og getur fasteignin samkvæmt fyrirgreindum lögskýringarsjónarmiðum oígl taliat undanþegin fasteignaskatti, að því leyti sem afnot eru af henni höfð í þágu þessa síðastgreinda reksturs. Úrlausn um hlutfallslega skiptingu fasteignarsatsverðs unæddrar fasteignar á þessum grundvelli, heyrir hins vegar oígl á þessu stigi undir órskurð Yfirfasteignamatnefndar, heldur millimatsmenn í Reykjavík, sbr. reginreglur 6. gr. laga nr. 8/1972 og 7. - 8. gr. reglug. nr. 320/1972.

Ú R Ð K U R Ð A R O R Ð :

Þjóðleikhdásiðu er óskýlt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 19 við Hverfisgötu, að því leyti sem eignin er beinlínis nýtt í þágu leiklistar, sbr. 2. gr. laga nr. 80/1947 um Þjóðleikhús.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Þálmí Jónsson